



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun, 322. mál.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (hér eftir HMS) vísar til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 27. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um frumvarp ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra til laga um opinberan stuðning við nýsköpun. Skylt þingmál var lagt fram á 151. þingi og HMS skilaði umsögn um það mál sem til upplýsinga fylgir sem fylgiskjal með umsögn þessari.

HMS hefur farið yfir framangreint frumvarp og styður efni þess. Áhersla á rannsóknir og fræðslu í byggingariðnaði er samhliða úrbótum á regluverki og eftirliti með mannvirkjagerð mikilvæg til að mæta þeim samfélagslegu áskorunum sem iðnaðurinn er að takast á við á hverjum tíma. Í dag eru rakaskemmdir og mygla í byggingum dæmi um vaxandi vandamál sem iðnaðurinn stendur frammi fyrir. Tjón vegna mygla getur valdið umtalsverðu fjárhagslegu tjóni. Eins getur mygla haft alvarlegar afleiðingar á heilsufar fólks sem starfar og dvelst í slíkum húsum. Það er því brýn samfélagsleg nauðsyn að efla rannsóknir og fræðslu á þessu sviði og fagnar HMS ef hægt er að verja meira fjármagni til verkefnanna með þeirri hagræðingu sem lögð er til í frumvarpinu.

Samkeppnissjóður um byggingar- og mannvirkjarannsóknir

Frumvarpið hefur áhrif á starfsemi HMS en með frumvarpinu er lagt til að hluti af verkefnum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands flytjist til stofnunarinnar. Fram kemur að rannsóknum, fræðslu, upplýsingamiðlun og gagnasöfnun á sviði mannvirkjamála verði haldið áfram á grunni Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins (hér eftir Rb). Settur verði á fót samkeppnissjóður byggingarrannsókna í þeim tilgangi að efla rannsóknir í greininni. Sjóðurinn sé samstarfsverkefni félags- og barnamálaráðherra annars vegar og ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hins vegar sem verði í umsýslu HMS. HMS tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í athugasemdum frumvarpsins að ávinningur verði af því að umsýsla sjóðsins verði hjá stofnuninni, m.a. vegna þess að þá verði hægt að aðlaga umsóknarferli og úthlutunarreglur fyrir styrki úr samkeppnissjóðnum að þörfum og eðli byggingariðnaðarins, m.a. með tilliti til nýsköpunar og mikilvægra samfélagslegra verkefna. Fyrirhugað sé að niðurstöðum þeirra rannsókna sem hljóta styrki úr sjóðnum verði safnað saman á miðlægan stað innan HMS. Með því móti styrkir stofnunin hlutverk sitt sem eftirlitsstofnun í þjónustuhlutverki í takt við fyrirhuguð áform um breytingar á verkefnum stofnunarinnar er varða kynningu, fræðslu og gagnasöfnun í tengslum við byggingar- og mannvirkjarannsóknir. Þá kemur fram að nánar verði kveðið á um skipulag sjóðsins, umsóknarferli og úthlutunarreglur í reglugerð sem ráðherra setur. Jafnframt verði sett sérstakt fagráð byggingarrannsókna sem skuli veita HMS umsögn um styrkumsóknir í sjóðinn.

Útgáfa Rb-blaða og prófunarþjónusta

Í frumvarpinu kemur einnig fram HMS muni taka við útgáfu svokallaðra Rb-blaða af Rb en þau innihalda tæknilegar upplýsingar varðandi viðhald, hönnun og byggingu mannvirkja. Talið er að með flutningnum gefist tækifæri til aukinna samlegðaráhrifa í fræðslu og upplýsingamiðlun auk þess sem flutningur gagna frá


Nýsköpunarmiðstöð Íslands til HMS muni styrkja gagnagrunn stofnunarinnar á sviði mannvirkjamála. Samræmist þetta vel hlutverki stofnunarinnar á húsnæðismarkaði sem er að stuðla að jafnvægi á húsnæðismarkaði m.a. með rannsóknum og upplýsingagjöf. Eins fellur þetta vel að hlutverki stofnunarinnar að stuðla að gæðum mannvirkjagerðar.

Þá kemur fram í frumvarpinu að HMS muni hafa umsjón með að veita prófunarþjónustu Rb tímabundið til að tryggja að ákveðin þjónusta verði í boði svo samfella í framleiðslu byggingarvara verði tryggð þar til prófanir geti farið fram í faggiltu umhverfi á einkamarkaði. HMS fer með eftirlit með markaðssetningu byggingarvara skv. lögum um byggingarvörur nr. 114/2014 sem felst í því að kanna hvort innflytjendur, dreifendur og framleiðendur byggingarvöru starfi í samræmi við ákvæði laganna. Vegna þessa hlutverks stofnunarinnar við markaðseftirlit telur HMS mikilvægt að prófunarþjónustan verði einungis tímabundið hjá stofnuninni.

Það er mat HMS að með frumvarpinu sé stigið mikilvægt skref í átt að því að styrkja byggingarrannsóknir með áherslu á nýsköpun og samfélagslegar áskoranir í byggingariðnaði á hverjum tíma. Þá styður frumvarpið vel við samstarfsverkefnið Byggjum grænni framtíð, sem HMS stýrir. Verkefnið grundvallast á aðgerð C.3. í aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum frá júní 2020 en markmið þess er að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda í byggingariðnaði og minnka umhverfisáhrif hans.

Virðingarfyllt

f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar



Herdís Hallmarsdóttir, lögfræðingur á skrifstofu forstjóra